

AUGLÝSING

um staðfestingu innanríkisráðuneytisins á sameiningu Bæjarhrepps og Húnaþings vestra í eitt sveitarfélag.

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 20. desember 2011 staðfest sameiningu Bæjarhrepps í umdæmi sýslumannsins á Hólmarvík og Húnaþings vestra í umdæmi sýslumannsins á Blönduósi, í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur verið ákveðið:

Sameining Bæjarhrepps og Húnaþings vestra skal taka gildi 1. janúar 2012.

Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir sveitarfélögunum tveimur.

Íbúar beggja sveitarfélaganna skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra sveitarfélögunum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn beggja sveitarfélaganna skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Nafn hins sameinaða sveitarfélags skal verða Húnaþing vestra.

Merki hins nýja sveitarfélags skal verða það sama og er í dag hjá Húnaþingi vestra.

Sérstök athygli skal vakin á eftirfarandi:

Sveitarstjórn Húnaþings vestra fer með stjórn hins sameinaða sveitarfélags fram að almennum sveitarstjórnarkosningum vorið 2014.

Áheyrnarfulltrúi frá Bæjarhreppi verður skipaður í allar nefndir og ráð hins sameinaða sveitarfélags af núverandi hreppsnefnd Bæjarhrepps fram að almennum sveitarstjórnarkosningum vorið 2014.

Yfirstjórn sveitarfélagsins verður staðsett á Hvammstanga.

Kjóra skal 7 fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, við almennar kosningar vorið 2014.

Innanríkisráðuneytinu, 20. desember 2011.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.